

Nr. 19-139 S 083 Drangey SK 2***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2893
IMO 9758222
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: FISK-Seafood ehf
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Drangey©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. september 2019 var Drangey SK 2 á togveiðum á norðvesturmiðum. Veður: Logn og ládaður sjór.

Skipverjar voru að koma á vakt á vinnsluþilfari þegar einn þeirra sá fisk sem var hálfur út af færibaldi og notaði hann vinstri fótinn til að ýta við honum inn á bandið. Við það festist fóturinn í færibandinu sem tók hann undir hlíf sem var föst ofan á því. Annar skipverji náði að stöðva færibaldið en fóturinn bólgaði og liðbönd tognuðu.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var neyðarstöðvunarrofi fyrir færibaldið nálægt þessum stað;
- að færibaldið var 30 til 35 sentimetrar að breidd með skóflum;
- að hlífín sem slasaði lenti undir var fest ofan á færibaldið og var hún hluti af gönguleið um vinnsluþilfarið;
- að slasaði var í stígvélum sem hann taldi hafa bjargað miklu;
- að fram kom að neyðarrofinn stöðvaði alla vinnslulínuna en ekki hvert færiband fyrir sig.

Nefndarálit:

Nefndin telur að það hafi verið óvarlegt að setja fótinn í færibaldið.